

Starfsaðferðir og fagmennska í félagsmiðstöðvum

INNGANGUR

Í greininni er fjallað um starfsaðferðir og fagmennsku í starfsemi félagsmiðstöðva. Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað síðan fyrsta félagsmiðstöðin á Íslandi hóf starfsemi sína. Áherslur og starfsaðferðir hafa breyst í takt við samfélagið og aukna þekkingu á þessu sviði. Markmiðið er að gefa innsýn í þróun starfseminnar, starfsaðferðir og fagmennsku.

FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR Í SÖGULEGU LJÓSI

Saga félagsmiðstöðva á Íslandi er ekki löng. Fyrsta félagsmiðstöðin, Tómsundaheimilið við Lindargötu í Reykjavík, var stofnuð árið 1957. Hugmyndir um félagsmiðstöð fyrir æsku hins ört vaxandi íslenska borgarsamfélags lágu fyrir mun fyrir. Aðalsteinn Sigmundsson, formaður Ungmennafélags Íslands, gaf út ritlinginn *Borgarbörn* árið 1939, sem fjallar um aðstöðuleysi æskunnar í höfuðborginni (Aðalsteinn Sigmundsson, 1939). Hann ritaði aðra grein 1942 og jafnframt hvatti hann sem forsvarsmaður Ungmennafélags Reykjavíkur til þess að ríkið kæmi á fót æskulýðshöll (Aðalsteinn Sigmundsson, 1942). Á Alþingi árið 1943 kom fram tillaga um að reisa slíka höll. Á vettvangi bæjarráðs Reykjavíkur kom árið 1943 fram tillaga sama efnis, en í stað þess að fela nefnd það hlutverk að fara yfir málið var Ágústi Á. Sigurðssyni magister falið að vinna skýrslu um æskulýðshöll eða tómsundaheimili. Ágúst vann af miklum eldmóði að málinu og skilaði ítarlegri skýrslu í lok júní 1943. Skýrslan er ítarlegt plagg sem tekur til aðstöðu, stjórnunar, starfspáttu og markmiða starfseminnar. Af lestri hennar er ljóst að Ágúst byggði skýrslu sína á bestu þekkingu þess tíma (Ágúst Á. Sigurðsson, 1943).

Ágúst Á. Sigurðsson, sem er þekkastur fyrir kennslubækur sínar í dönsku, kvaðst hafa sótt hugmyndir sínar til svokallaðra Boys Clubs og Community Centres í Bretlandi. Merkilegt er að hann skuli ekki hafa sótt hugmyndir til Danmerkur. Á því eru

þær skýringar að Danir hófu ekki viðtæka félagsmiðstöðvavæðingu fyrr en um og eftir árið 1942, og þá sem mikilvægan lið í því að vernda æskuna gegn fylgifyskum her-setu og stríðsins. Mörg dönsk ungmenni voru virk í andspyrnuhreyfingunni; félagsmiðstöðvar voru leið Dana til þess að vinna á móti því gildishruni sem óhjákvæmilega fylgir stríðsátökum, óháð því hvaða fylkingu barist er fyrir (Lippert, 2004). Danska líkanið varð þó fyrirmynd Íslendinga 10–12 árum síðar. Það fólst í því að reisa fleiri en smærri einingar í einstökum hverfum borgarinnar í stað stórrar miðlægrar æskulýðshallar eins og hugur Ágúst Á. Sigurðssonar og fleiri stóð til (Jónas B. Jónsson, 1954).

Þar var ekki fyrr en 15 árum eftir að fyrstu hvatningarorð komu fram að fyrsta félagsmiðstöðin hér á landi hóf starfsemi. *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942–1992* fjallar ítarlega um þessa atburðarás (Árni Guðmundsson, 2007). Meginskýringin á því hversu erfitt reyndist að koma þessum hugmyndum í framkvæmd var skortur á fjármagn og að önnur verkefni í samfélaginu voru talin mikilvægari.

Ekki er hægt að halda því fram að ástæður þess að ekki tókst að koma á fót starfsemi fyrr en árið 1957 hafi verið skortur á faglegri þekkingu hérlendis. Skýrsla Ágúst sýnir svo ekki verður um villst að fagleg þekking sem byggð var á framsæknustu hugmyndum um starfsemi félagsmiðstöðva var fyrir hendi hérlendis 15–20 árum áður en fjármagn fékkst til starfseminnar. Verkefni voru ærin, rödd æskunnar ekki sterk og þrátt fyrir kröftuga talsmenn gekk hægt að koma málinu á dagskrá. Það var ekki fyrr en í algert óefni stefndi um miðjan sjötta áratug síðustu aldar að borgaryfirvöld brugðust við og stofnuðu Æskulýðsráð Reykjavíkur í nokkrum flýti í desember 1956 (Árni Guðmundsson, 2007).

Fyrstu starfsmenn Æskulýðsráðs Reykjavíkur höfðu nokkuð ólíkan bakgrunn. Bragi Friðriksson, fyrsti framkvæmdastjóri ráðsins, var prestur. Bragi hafði nokkra reynslu af safnaðarstarfi, en hann hafði þjónað vestanhafs á slóðum Vestur-Íslendinga og þar kynnt æskulýðsstarfi ýmissa safnaða. Haukur Sigtryggsson, fyrsti forstöðumaður Tómsundaheimilisins, var þúsundþjalasmiður; afbragðs ljósmyndari, myndlistarmaður og rithöfundur. Jón Pálsson tómsundaráðunautur var auk þess útvarpsmaður og stjórnaði um árabíl vinsælum tómsundaþætti barna og unglunga í Ríkisútvarpinu. Hann var menntaður bókbandsmeistari.

Í upphafi var ákveðið með reglugerð um Æskulýðsráð Reykjavíkur að það hefði það hlutverk að vinna að eflingu félags- og tómsundaiðju meðal æskufólks í Reykjavík og hafa um það samvinnu við þá aðila sem um slík mál fjölluðu og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar. Þá átti ráðið „að leitast jafnan við að ná til þeirrar æsku, sem sökum áhugaleysis eða af öðrum orsökum, sinni ekki heilbrigðum viðfangsefnum í tómsundum sínum“. Lögð var áhersla á að tómsundaverkefni væru um leið kynning og þjálfun í undirstöðuatriðum helstu atvinnuvega þjóðarinnar (Samþykkt fyrir Æskulýðsráð Reykjavíkur, 20. september 1962).

Þau viðhorf sem fram komu í þessari fyrstu reglugerð urðu leiðarljós frá fyrsta degi. Þær reglugerðarbreytingar er síðar urðu byggðust allar á meginstefjum fyrstu reglugerðarinnar en tóku mið af þeim þjóðfélagbreytingum sem átt höfðu sér stað. Fyrirbyggjandi starf og forvarnir í víðasta skilningi þess orðs hafa ávallt verið leiðarljós í starfseminni og er svo enn þann dag í dag.

Í fyrstu voru viðfangsefni í hópastarfinu á vegum Æskulýðsráðs Reykjavíkur verkmiðuð og áttu að vera gagnleg og til þess fallin að búa ungmennin undir atvinnuþátttöku. Starfsemin átti að taka mið af aðalatvinnuvegum landsins. Sjóvinnunámskeið, sem voru ákaflega vel sótt, þóttu vitnisburður um mjög vel heppnað uppeldisstarf. Á þessum árum, þ.e. sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, var hlutverk starfsmanna að mörgu leyti ekki ósvipað hlutverki hins hefðbundna kennara, a.m.k. hvað agavald varðaði: starfsmaðurinn réð, unglingurinn hlýddi. Gæsluhlutverkið var áberandi, starfsmenn sáu t.d. um að útdeila spilum og gættu þess að allt færi sómasamlega fram.

NÝJAR ÁHERSLUR

Á áttunda og níunda áratug 20. aldar urðu miklar breytingar á starfseminni í takt við þær breytingar sem áttu sér stað í umhverfi ungmenna almennt á Vesturlöndum í kjölfar stúdentamótmælanna árið 1968. Í stað verklegra viðfangsefna urðu samveran, samskiptin og sjálfsmýndin lykilatriði í starfseminni. Hópastarfið tók mið af þessu og leitast var við að hafa samskipti starfsmanna og ungmenna á jafningjagrundi. Á þessu tímabili var hópastarfið tekið til gagngerrar endurskoðunar. Starfsmenn Æskulýðsráðs Reykjavíkur lögðu mikla vinnu í skilgreiningar og markmið klúbba- og hópastarfs. Kenningar Georgs Herberts Mead um félagslega sjálfið og sjálfsmýndina voru grunnstef í þeirri vinnu (Gísli Árni Eggertsson, Sverrir Friðþjófsson og Skúli Björnsson, 1983).

Í upphafi níunda áratugarins kom til starfa í félagsmiðstöðvunum sérmenntað starfsfólk frá Svíþjóð (hafði stundað nám sem *fritidsledare* og *pedagoger*) og síðar meir einnig frá Danmörku (hafði menntast sem *fritids-* og *klubbpædagoger*). Um aldamótin 2000 hófst nám í tómtunda- og félagsmálafræði hér á landi (sjá Jakob Frímánn Þorsteinsson, í þessu hefti).

Um 1990 voru teknar upp starfsaðferðir unglingalýðræðis í því augnamiði að stuðla frekar að valdeflingu ungmenna. Norski fræðimaðurinn Knut Bøhler var einn af upphafsmönnum þessara starfsaðferða og gaf m.a. út bækurnar *Vi er på vei* sem notaðar voru við útfærslu á þessum starfsaðferðum (Bøhler, 1982, 1983a, 1983b).

Tekin var upp starfsemi unglingaráða, í fyrstu í sambandi við félagsmiðstöðvarnar í hverfunum. Unglingaráðin í hverfunum hófu síðan samstarf, fyrst í einstökum borgarhlutum og síðari í borginni allri. Þessi starfsemi er nú þekkt sem Ungmennaráð Reykjavíkur. Í Æskulýðslögum frá 2007 segir svo: „Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð. Hlutverk ungmennaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmennaráð“ (Æskulýðslög, nr. 70/2007, 11. gr.).

Hlutverk starfsmanna Æskulýðsráðs Reykjavíkur breyttist og við innleiðingu aðferða unglingalýðræðis varð breytingin veruleg. Starfsmenn þurftu í auknum mæli að laga sig að beinum og auknum áhrifum unglingana á starfsemina. Starfsmenn voru til aðstoðar fremur en að vera ráðandi eins og áður (Árni Guðmundsson, 2007). Haukur Sigtryggsson, sem hér er áður getið, og starfaði að æskulýðsmálum í Reykjavík og

Hafnarfirði um þriggja áratuga skeið, tjáði mér að þessar breytingar á starfsháttum hefðu verið erfiðar og að margir starfsmenn hefðu oft átt erfitt með að laga sig að verulega breyttum starfsaðferðum og hlutverkum (Haukur Sigtryggsson, 2002).

AÐ LOKUM

Þegar litið er til starfsemi félagsmiðstöðva fyrstu áratugina eftir 1957 er ljóst að starfsemin hefur þróast verulega. Hún hefur þróast frá iðju sem fól í sér tiltekna verklega færni til hópastarfs er miðar fyrst og fremst að því að þroska ungmenni, efla sjálfsmynd þeirra og, ekki síst, hvetja þau til að verða sjálfstæðir einstaklingar í lýðræðis-samfélagi. Starfsþættir hafa verið í takt við tíðarandann hverju sinni.

Tómstunda- og félagsmálafræðin, sem ég kysi fremur að nefna félagsuppeldisfræði með tilvísun til fræðasviðs og í anda þeirra kenninga sem m.a. Hermann Giesecke (1971) hefur sett fram, er byggð á því að beita fyrirbyggjandi aðferðum. Þess er freistað, með inngrípum, að bæta uppeldisaðstæður barna og unglunga almennt. Sókn þessa hugmyndaheims á áttunda og níunda áratug síðustu aldar kom meðal annars fram í starfsþáttum eins og leitarstarfi (útideildir), umhverfismeðferð og starfi í nærsamfélaginu. Félagsuppeldisfræðin stendur fyrir heildarsýn á manneskjuna og beinir augum að heildaraðstæðum viðkomandi (Giesecke, 1971). Fagmennska jókst á tímabilinu í takt við fjölda menntaðra starfsmanna. Menntun í tómstunda- og félagsmálafræðum héraendis og sá fjöldi sem hefur stundað slíkt nám á örugglega eftir að hafa góð áhrif á vettvangi og ekki síður hvað varðar rannsóknir og fræðimennsku á þessu sviði.

HEIMILDIR

- Aðalsteinn Sigmundsson. (1939). *Borgarbörn*. Reykjavík: Prentsmiðjan Edda.
- Aðalsteinn Sigmundsson. (1942). *Æskulýðsheimili í Reykjavík*. *Landneminn*, 4(4), 4.
- Ágúst Á. Sigurðsson. (30. júní 1943). *Tillögur til Bæjarráðs Reykjavíkur um æskulýðshöll og tómstundaheimili*. Borgarskjalasafn. Málaskrá borgarstjóra, M/19.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942–1992*. Hafnarfjörður: Höfundur.
- Bøhler, K. E. (1982). *Vi er på vei: Gruppeoppgaver*. Oslo: Landsforeningen for fritidsklubber.
- Bøhler, K. E. (1983a). *Vi er på vei: Lærerveiledning*. Oslo: Landsforeningen for fritidsklubber.
- Bøhler, K. E. (1983b). *Vi er på vei: Om arbeid i kommunale fritidsklubber*. Oslo: Landsforeningen for fritidsklubber.
- Giesecke, H. (1971). *Die Jugendarbeit*. München: Juventa Verlag.
- Gísli Árni Eggertsson, Sverrir Friðþjófsson og Skúli Björnsson. (1983). *Klúbbastarf í Félagsmiðstöðvum, yfirlit*. Borgarskjalasafn. Málaskrá ÆR, askja 105.
- Haukur Sigtryggsson. (2002). *Fyrstu starfsár Æskulýðsráðs Reykjavíkur*. [Viðtal Árni Guðmundsson].

- Jónas B. Jónsson. (29. september 1954). *Greinargerð til borgarstjóra um æskulýðshöll í Reykjavík*. Borgarskjalasafn. Málaskrá borgarstjóra, M/4.
- Lippert, S. (2004). *Da Danmark fik sin ungdom: Ungdomsringens historie 1942–92*. Odense: Ungdomsringen.
- Samþykkt fyrir Æskulýðsráð Reykjavíkur, 20. september 1962.
- Æskulýðslög, nr. 70/2007.

UM HÖFUNDINN

Árni Guðmundsson (arni@hi.is) er aðjunkt við tómstunda- og félagsmálafræðibraut við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann er menntaður tómstunda- og félagsmálafræðingur frá Fritidsledarskolan í Gautaborg 1982 og lauk meistaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands í uppeldis- og menntunarfræðum árið 2006. Hann stundar nú doktorsnám í menntunarfræðum við Menntavísindasvið. Helstu fræðilegu áhugamál og rannsóknarsvið Árna eru æskulýðsstarfsemi í sögulegu, félags- og uppeldisfræðilegu ljósi, starfsemi félagsmiðstöðva og hópastarf.